
MINNISBLAÐ

TIL: SVEITARSTJÓRNAR**EFNI / TILEFNI: SKÝRSLA SVEITARSTJÓRA – FEB.****DAGSETNING: 8.FEB. 2019**

Sveitarstjóri fundaði með Agnesi Arnardóttur, verkefnisstjóra hjá Vestfjarðastofu varðandi möguleika á að nýta Álftaver betur undir samfélagsmiðstöð, með áherslu á nýsköpunaraðstöðu í tengslum við þau atvinnuþróunarverkefni sem sveitarfélagið vinnur að.

Ráðningarferli sveitarstjóra stendur yfir. Umsóknarfrestur er til 11. feb. Í kjölfarið mun Hagvangur koma með tillögu að umsækjendum sem boðaðir verða í viðtöl. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn komi saman fimmtudaginn 14. febrúar til að taka viðtöl við umsækjendur. Viðtölin munu fara fram í Álftaveri, fundarsal sveitarstjórnar.

RR – ráðgjöf kemur til vinnufundar með sveitarstjórn þann 22. feb. – eins og rætt var á síðasta sveitarstjórnarfundum. Róbert Ragnarsson og Páll Björgvin Guðmundsson koma til Súðavíkur og verður vinnufundurinn í Álftaveri.

Samönguáætlun er enn til umræðu á Alþingi og þegar þetta er skrifað eru engar vísbendingar um annað en verkefni sveitarfélagsins haldist inni. Sveitarstjóri fundaði með formanni Umhverfis og samgöngunefndar föstudaginn 1. febrúar þar sem verkefnið var til umræðu.

Súðavík 10. feb. 2019



sveitarstjóri